

## Skólaráð Naustaskóla

8. fundur ársins 2014 þann 20. ágúst 2014

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Erla Rán Kjartansdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Halla Jóhannesdóttir.

### Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Starfsáætlun/fundaáætlun skólaráðs.** Miðað verður við að skólaráð fylgi sömu fundaáætlun og síðastliðinn vetur, engar athugasemdir gerðar við áætlunina.
2. **Starfsáætlun Naustaskóla 2014-2015.** Drög að starfsáætlun höfðu verið send út til skoðunar fyrir fundinn, eftir var þó nokkur vinna við ýmsar uppfærslur, t.d. fundaplan vetrarins o.fl. Farið yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á starfsáætlun milli ára, s.s. á framsetningu áherslupunkta í stefnu skólans, skólasáttmála, helstu verkefni / umbótatillögur skólaársins o.fl. Umræður um plaggið en engar efnislegar athugasemdir. Fullunnin starfsáætlun verður send út á nýjan leik þegar hún liggur fyrir, væntanlega eftir næstu viku, og tekin til umræðu á næsta fundi.
3. **Fyrirkomulag haustfunda með foreldrum og foreldraviðtala.** Gengið út frá óbreyttu fyrirkomulagi frá fyrra ári, morgunfundir verði í vikunni 8.-11. september og viðtöl þann 6. október. Fulltrúar foreldra bentu á mikilvægi þess að morgunfundunum væri áætlaður fastur tímarammi og þess gætt að þeir dragist ekki á langinn.
4. **Mötuneytismál.** Greint frá breytingum á starfsmannahópnum í eldhúsinu en þar eru komnir inn tveir nýir starfsmenn. Fyrirspurn um kaup á stökum máltíðum, miðað er við að foreldrum gefist kostur á að kaupa ýstakar máltíðir, þó með því lágmarki að keyptar séu a.m.k. 10 máltíðir í mánuði en þessar reglur eiga að vera með svipuðu sniði í öllum skólum bæjarins.

Áætlað er að halda næsta fund þegar aðalfundur Foreldrafélagsins hefur farið fram.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð